

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, vegna Héðinsfjarðarganga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, frá 25. nóvember 1991.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir Héðinsfjarðargöngum við rætur Ósbrekkufjalls og við það flyst vegur og brú yfir Ólafsfjarðarós sunnar ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum þjóðvegi til vesturs inn í jarðgöngin. Vegurinn að Kleifum færist til vesturs og aðkoma að hesthúsum og lóð Hitaveitu Ólafsfjarðar breytast. Fallið er frá landfyllingum sunnan við flugvöll og vegstæði Ólafsfjarðarvegur vestri breytist.
2. Flugvöllur og helgunarsvæði hans er felld út úr aðalskipulaginu. Landnotkun breytist úr „opinberar stofnanir“ í „opin svæði óbyggð“.
3. Fallið er frá færslu Ólafsfjarðaróss og við það falla niður áform um götoreiti fyrir íbúðarbyggð og iðnaðarsvæði norðan og vestan núverandi byggðar við Ólafsvog og Ægisgötu. Eftir stendur ein röð íbúðarhúsalóða við ónefnda götu norðan núverandi íbúðarhúsalóða við Ólafsvog og iðnaðarsvæði þar fyrir norðan.
4. Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram Ólafsfjarðarvatni og Ólafsfjarðarósi.
5. Gert er ráð fyrir reiðstíg vestan og ofan við hesthúsasvæðið og upp að vegskála jarðganga.
6. Gert er ráð fyrir að landnotkunarreitir „U8 skeiðvöllur og hesthús“ minnki til suðurs. Skilgreind er landnotkunin „opið svæði til sérstakra nota“ fyrir skeiðvöll sem færist um 100 m til norðausturs.
7. Gert er ráð fyrir þremur efnislosunarsvæðum: við rætur Ósbrekkufjalls, á eiðinu vestan við Ólafsfjarðarós og á framtíðarsvæði sunnan við Mararbyggð.
8. Gert er ráð fyrir stofnlögn rafveitu meðfram norðanverðu Ólafsfjarðarvatni og meðfram vegi að Héðinsfjarðargöngum.
9. Á blönduðum landnotkunarreit á milli Aðalgötu og Bylgjubýggðar er felld út landnotkunarskilgreiningin „íbúðir“.
10. Felld er niður veltenging á milli Ægisgötu og ónefndrar götu þar fyrir vestan.
11. Íbúðarsvæði norðaustan Ólafsvogar lengist um eina lóð.
12. Svæði fyrir verslun, skrifstofu og þjónustu á reit vestan við Ægisgötu breytist í svæði fyrir íbúðir.
13. Svæði fyrir opinbera þjónustu á reit austan við Ægisgötu breytist í svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur.

14. Felldur er niður hluti lóða fyrir íbúðir sunnan við fyrirhugaða götu sem nefnd er Bakkabyggð.
15. „Opið svæði til sérstakra nota“ fyrir skíðasvæði við rætur Ósbrekkufjalls er fellt út.
16. Svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur, „fiskhjallar“, flytst norður fyrir nýtt vegstæði vegar að Kleifum.
17. Færðar hafa verið inn hættumatslínur í samræmi við hættumat vegna ofanflóða fyrir Ólafsfjarðarbæ.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, nú bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2007.*

**Jónína Bjartmarz.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2007